

# **Stefnumótunarfundur 12. mars 2016**

## Það sem Þroskahjálp gerir vel:

- **Aðhald við stjórnvöld:**
  - Samtökin veita stjórnvöldum gott og gagnrýnið aðhald.
  - Samtökin þrýsta á stjórnvöld varðandi bættan hag fólks með þroskahömlun.
  - Þroskahjálp vinnur markvisst í að lesa yfir og koma með athugasemdir um lög og reglugerðir sem varða fólk með fötlun.
  - Samtökin eru virk og gagnrýnin á störf stjórnvalda.
  - Eftirlit með stjórnvöldum.
- **Framhaldsnám:**
  - Samtökin greiða götu fólks með þroskahömlun t.d. í háskólanum: Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.
  - Barátta fyrir áframhaldandi skólagöngu.
- **Réttindagæsla:**
  - Berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.
  - Framarlega í réttindabaráttunni.
  - Vakandi fyrir réttindum fólks með þroskahömlun og þegar verið er að brjóta á mannréttindum.
  - Þrautseigja er til staðar: ekki gefist upp þótt á móti blási.
  - Styðjandi við réttindabaráttu fólks með þroskahömlun. Sýnir praktískan árangur í starfi.
  - Fylgst vel með réttindum fólks með fötlun, bæði hjá sveitarfélögum og stjórnvöldum.
  - Stendur vörð um réttindi fólks með þroskahömlun.
  - Mannréttindaáherslan er grundvallaratriði.
  - Stuðningur við sjálfsákvörðunarrétt fatlaðra.
  - Minningarsjóðurinn fyrir fólk sem er að leita réttar síns.
- **Móttaka starfsfólks á skrifstofunni:**
  - Samtökin eru með gott og hæft starfsfólk á skrifstofunni.
  - Gott að leita til samtakanna í sambandi við réttindi og stuðning almennt.
  - Tekið er vel á móti fólki sem leitar til samtakanna.
  - Auðvelt er að leita til starfsfólks samtakanna.
  - Viðhorf og sýn á þarfir fólks með fötlun.
  - Mikill fróðleikur sem býr í starfsfólki samtakanna.
- **Á landsvísu:**
  - Starfrækt í öllum landsfjórðungum.
  - Sinnir félögum úti á landi með heimsóknunum.
- **Sýnileiki:**
  - Samtökin auka sýnileika fólks með þroskahömlun eins og t.d. Með okkar augum, sendiherrar, list án landamæra og fleiri verkefni.
  - Þroskahjálp vekur athygli á lífi og störfum fólks með þroskahömlun.
  - Samtökin kynna á jákvæðan hátt styrkleika fólks með þroskahömlun, t.d. með gerð þáttanna Með okkar augum.
  - Samtökin eru vel kynnt og þekkt út á við.
  - Samtökin eru sýnileg í fjölmiðlaumræðunni.
  - Samtökin sýna viðbrögð við fréttunæmum atburðum í samfélaginu.

- **Þátttaka fatlaðs fólks:**
  - Samtökin gefa fólki með þroskahömlun tækifæri til að taka þátt í starfi félagsins.
  - Áherslan á fólk með þroskahömlun og komið fram með leiðir til að auka sýnileika og áhrif fatlaðs fólks sjálfs.
  - Fólk með þroskahömlun er sjálft þátttakendur.
  - Samtökin styðja við fólk með þroskahömlun með því að halda uppi félagasamtökum (Átak).
  - Samtökin örva fólk með fötlun til félagsstarfs.
- **Upplýsingaveita:**
  - Gott aðgengi að upplýsingum á heimasíðu og á skrifstofunni.
  - Blaðið er gott.
  - Áhugaverðar ráðstefnur.
- **Búsetumál:**
  - Uppbygging búsetuúrræða.
  - Framtíðarsýn og tilraunir í búsetumálum.
- **Samstarf við nágrannalönd:**
  - Samtökin fylgjast með því sem er að gerast í málaflokknum í öðrum löndum.
  - Samstarf við aðrar þjóðir t.d. Norðurlönd og fylgst með því sem er að gerast þar í málefnum fatlaðra.
- **Starfsemi samtakanna:**
  - Samtökin komu að stofnun Sjónarhóls, sem breytti miklu fyrir mig sem foreldri. Það vantaði aukinn stuðning.
  - Virðing er grunnstef í allri vinnu.
  - Samtökin þrýsta á og kynna nýjungar í þjónustu við fólk með þroskahömlun.
  - Opin fyrir hugmyndum.
  - Góðum hugmyndum er hrint í framkvæmd.
  - Samvinnan er góð: vilji til samvinnu við stjórnvöld og félög, sem er góð leið til árangurs.
  - Jákvæð barátta: áhersla á lausnir, leiðir og fólk.
  - Málefnaleg barátta.
  - Samtakamátturinn: samtökin gera vel með því að vera til og skapa umræðu farveg.

## Það sem Þroskahjálp mætti gera betur:

- **Húsnæðismálin:**
  - Leiða stjórnvöldum og opinberum stofnunum fyrir sjónir fjölda einstaklinga á ári sem eru í brýnni þörf fyrir þjónustu til framtíðar – X fjöldi á ári sem þarf sérkennslu, íbúðarúrræði ofl. Gera framtíðaráætlun.
  - Stytta biðlistann.
- **Hlusta á raddir fólks með þroskahömlun:**
  - Hlusta meira eftir skoðunum foreldra/forráðamanna og fatlaðra.
  - Virkja betur almenna félagsmenn.
  - Hafa fólk með þroskahömlun alltaf með í ráðum um sín mál.
  - Gefa fólki með þroskahömlun meiri tækifæri.
  - Vantar álit hins almenna félagsmanns varðandi ýmis mál.
  - Hugsa um kjör fólks með þroskahömlun og hafa fólk með sjálfmálfræðingum með í ráðum.
  - Fólk með þroskahömlun hefur of fáar raddir í samtökunum og vill meira samstarf við sig.
  - Vinna með fleiri hópum fólks með fötlun og hafa fólk með þroskahömlun með í ráðum.
  - Samtökin mættu lyfta upp hugtakinu „lýðræði“ í víðu samhengi.
- **Sýnileiki:**
  - Vera sýnileg á samfélagsmiðlum.
  - Ná betri tengslum við fjölmiðla.
  - Stuðla að meiri umfjöllun í fjölmiðlum.
  - Vera duglegri að láta vita af sér s.s. Facebook og í fjölmiðlum.
  - Hætta að einblína á það neikvæða og horfa á það jákvæða.
  - Samtökin mættu opinbera sterkar fyrirmyndir meðal almennings í meira mæli en nú er gert.
  - Félagið þarf að vera sýnilegra með faglegri hætti og vera markvissara í sýnileika.
  - Beita sér fyrir sýnileika fatlaðra alls staðar af landinu, t.d. hvað varðar íþróttir, listir ofl.
  - Finna leiðir til að auka jákvæða umfjöllun t.d. á samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum, fræðslustarfi í skólum og á ólíkum stöðum.
  - Fleiri þættir í sjónvarpi með viðurkenndum fjölmiðlastjörnum. Almennar kröfur ekki síður en sértækar – samasemmerki við sig og aðra borgara (samsömun).
- **Upplýsingamiðlun:**
  - Setja fram með skýrum hætti hvernig staðan er í einstökum málaflokkum sem varða fatlaðra.
  - Markviss upplýsingamiðlun skref fyrir skref.
  - Sýna frumkvæði í fræðslu fyrir foreldra ungra barna í „frumskógi kerfisins“.
  - Meiri fræðsla til að auka skilning á mikilvægi þjónustu.
- **Samstarf:**
  - Styrkara samstarf milli aðildarfélaganna.
  - Meira samstarf við aðildarfélögin, t.d. varðandi skoðun á lögum og reglugerðum sem Þroskahjálp fær til skoðunar.
  - Væri gott að vera í meiri tengslum við aðildarfélögin og grasrótina.
  - Meiri tengsl við landsbyggðina.
  - Ná enn betri tengslum við stjórnvöld og stjórnámamenn.

- **Mannréttindabarátta:**
  - Háværari mannréttindabarátta. Nota þekktar aðferðir sem virka eins og tónlist og skáldskap.
  - Mannréttindi séu virt í verki – í alvöru. Ekki bara í orði og ræðum á tyllidögum. Farið sé eftir gullnu reglunni.
  - Leggja áherslu á að samfélagið hafi skyldur og þurfi að uppfylla þær.
  - Barátta fyrir bættum lífskjörum/sambærilegum kjörum og jafnöldrum bjóðast almennt. Af hverju þarf lífshlaup fatlaðra að vera barátta? Af hverju er lífshlaup fatlaðra frábrugðið?
  - Berjast meira fyrir málefnum fullorðinna einstaklinga með þroskahömlun.
- **Starfsemi samtakanna:**
  - Hafa frumkvæði að því að auka atvinnuþátttöku fólks með þroskahömlun.
  - Sýna frumkvæði í að efla jákvætt félagsstarf fyrir ungt og fullorðið fólk.
  - Reyna að fjölga og auka fjölbreytileika fólks innan samtakanna.
  - Höfða til ungs fólks með þroskaraskanir.
  - Standa betur við bakið á þeim sem vilja fara aðra leið en ríkjandi hugmyndafræði segir til um, t.d. varðandi skólagöngu og búsetu.
  - Skoða lög þroskahjálpar og fara eftir þeim í starfi, jafnvel breyta þeim.
  - Eftirfylgni mála sem tæpt er á þyrfti stundum að vera meiri.
  - NPA: gott start en þyrfti að víkka út fyrir fleiri.
  - Vekja athygli á því að fatlaðir eru ekki eyland: það sem er gert eða ekki gert skiptir fjölskyldu hins fatlaða miklu máli.

## Hvar viljum við vera þegar samtökin verða fimmtug árið 2026?

- **Búseta:**
  - Búsetuúrræði við hæfi hvers og eins án biðlista.
  - Hugað að því að það þarf áfangaheimili eftir einstakling í sjálfstæði og undirbúin fyrir það sem koma skal.
  - Stytta biðtíma eftir búsetu og minnka biðlista þeirra sem bíða eftir samþykki.
  - Bæta húsnæðismálin. Það er alltof algengt að fatlaðir bíði lengi eftir húsnæði.
  - Koma í veg fyrir að fólk þurfi að flytja úr húsnæðinu sínu vegna breytinga í sveitarfélögum.
  - Þurfum aukið fjármagn til bygginga með þátttöku góðgerðarsamtaka og fyrirtækja.
  - Þroskahjálp hefði frumkvæði að byggingu íbúða.
  - Að sjálfsákvörðunarréttur fólks með þroskahömlun sé virtur varðandi búsetu ofl.
  - Fólk hafi jafnt aðgengi að búsetu.
  - Búið verði að koma búsetumálum í gott horf með blandaðri þjónustu.
  - Að búið verði að loka öllum herbergjum á sambýlum.
- **Menntun:**
  - Meira aðgengi að menntun fyrir hinn fatlaða.
  - Aukin símenntun fatlaðra.
  - Fjölbreyttara nám fyrir fólk með þroskahömlun. Gefa kost á námi við fleiri háskóla t.d. diplómanám í Listaháskóla.
  - Gaman væri að samtökin beittu sér fyrir nýjungum í námi/þjónustu/tómstundum í stað eilífrar baráttu fyrir sjálfsögðum réttindum.
  - Auka aðgengi að menntun á efri stigum.
  - Árið 2026 sé ég fyrir mér að fötluð börn/ungmenn hafi raunverulegt val um skólagöngu (grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla).
- **Aðhald við stjórnvöld:**
  - Að samtökin séu enn að sinna aðhaldi við stjórnvöld.
  - Samtökin sýni hörku og hafi áhrif inn í stjórnmalaflokka og með fræðslu inn í dómstóla.
  - Þroskahjálp verði með kjörna fulltrúa á Alþingi og í annarri stjórnsýslu. Hoppi á þá vagna sem besta möguleika (svigrúm) gefa til árangurs í pólitískri baráttu fólks með þroskahömlun.
  - Samtökin séu ákveðin við stjórnvöld um leið og borin er virðing fyrir þeim notendum sem þau vinna fyrir.
  - Áframhaldandi barátta við stjórnvöld.
  - Að það teljist sjálfsagt að nefndir og ráð sem skapa reglugerðir og lög sendi drög til álitsgerðar til þroskahjálpar og hlusti á það sem það hefur að segja. Halda áfram að minna á sig og reka á eftir að fá gögn til yfirlestrar.
- **Réttindabarátta:**
  - Samningur Sameinuðu þjóðanna verði fullgildur og undirritaður.
  - Óskastaðan væri að þjónustan væri svo góð að samtökin væru óþörf. Því miður er það þó líklega óraunhæft.
  - Að við séum komin lengra í mannréttindabaráttunni og fólk verði orðið meðvitaðra um fjölbreytileikann.

- Sterk samtök ólíkra hagsmunahópa sem setja sér sameiginleg viðmið sem hægt er að árangursmæla. Þannig getum við vonandi haldið áfram að stuðla að betra samfélagi og fært okkur í átt að því að tryggja mannréttindi.
- Áhersla áfram á mannréttindi. Standa vörð um mannréttindi fatlaðs fólks og hvika ekki frá þeirri áherslu.
- Að yfirvöld auðveldi aðgengi að síðum sínum fyrir alla: auðlesið, hljóð og myndir til þess að auka aðgengi að upplýsingum og samfélaginu.
- Verðum leiðandi í mannréttindabaráttu fólks með þroskahömlun.
- Að allir séu jafnir og það sé enginn aðstöðumunur – allir sitji við sama borð.
- Eftir 10 ár væri gott ef samtökin þyrftu ekki að berjast fyrir sjálfsögðum hlutum fyrir fatlaða/þroskahamlaða eins og t.d. búsetu, sólarhringsþjónustu ofl. Það gerist ekki nema samfélagið breytist og viðhorfin.
- Sérlæg varðandi fatlaða verði sem fyrirferðarminnst.
- Veikindaréttur fyrir fötluð börn til 18 ára aldurs.
- Öflug mannréttindahreyfing. Þetta næst með átaki um jöfnuð og opinberri umræðu og sýnileika.
- Við viljum að mannréttindi séu virt þannig að ekki eigi að standa í eilífri baráttu fyrir sjálfsögðum réttindum. Við komumst þangað með aukinni fræðslu, sýnileika og samtali.
- **Fjölbreytni í frístunda- og atvinnuþátttöku:**
  - Eftir skóla, hvað þá?
  - Fjölbreyttari frístundaúrræði.
  - Að fötluð börn hafi alvöru val um að ráðstafa tíma sínum eftir skóla.
  - Atvinnuþátttaka verði auðveldari.
- **Sýnileiki fatlaðs fólks:**
  - Samtökin stuðli að sýnileika fólks með fötlun og komi að verkefnum sem ýta undir það.
  - Meiri kynning á samtökunum út á við.
  - Efla list án landamæra.
  - Fólk með þroskahömlun verði sýnilegt sem víðast í samfélaginu s.s. í skólum og á vinnustöðum.
  - Þroskahamlaðir séu sýnilegir á almennum vinnumarkaði.
  - Almenn þátttaka í þjóðfélaginu.
  - Barnaefni í sjónvarpi: „Þetta er...“. Stuttir þættir um líf barna með fötlun.
  - Meiri starfsemi og sýnileiki á landsbyggðinni. Gera samtökin aðlaðandi og áhugaverð fyrir fólk og fá það til að skilja mikilvægi þess, t.d. með reglulegum fundum á misjöfnum stöðum sem segja hvað er að gerast.
  - Halda áfram að styrkja þátttöku fólks með þroskahömlun í samfélaginu. Ekki gleyma þeim sem eru mest fatlaðir, fá þeirra raddir líka. Sýnileiki og þátttaka allra.
  - Meiri sýnileiki fólks með þroskahömlun og aukin samfélagsþátttaka.
  - Áframhald á verkefnum sem auka sýnileika fatlaðs fólks: sjónvarpsþættir, notendasamráð, samfélagsmiðlar.
- **Samfélagsleg viðhorf:**
  - Jákvæðari viðhorf í samfélaginu og umburðarlyndi.
  - Fólk sjái meira sameiginlegt en aðgreinandi.
  - Fordómum gagnvart fólki með þroskahömlun verði eytt.

- Jákvæðari ímynd í samfélaginu og fatlaðir séu eðlilegur hluti af því.
- Að þroskahjálp fái almenning með sér í lið til að vekja athygli í samfélaginu á mannréttindum fyrir alla og fjölbreytileika.
- Virkni í samfélaginu – að við séum ekki sett í minni pokann.
- Að vanda meira orðræðuna þegar verið er að fjalla um fatlað fólk. Að þegar verið er að búa til orð eins og „frekari liðveisla“ sem almenningur skilur ekki, hvað þá fatlað fólk?
- **Virkt samráð:**
  - Að fleira fólk með þroskahömlun komi að stjórn samtakanna – að talsfólk þeirra sé í meira mæli fólk með þroskahömlun.
  - Að fólk með þroskahömlun ráði sínu lífi.
  - Að félög innan samtakanna gefi fólki með þroskahömlun tækifæri til að taka sæti í stjórn eða vinnu innan samtakanna.
  - Það þarf að vera meira virkt samráð á milli stjórnvalda, notenda og hagsmunaaðila í að fatlað fólk geti haft jafnt aðgengi að samfélaginu eins og annað fólk.
  - Að haft sé meira samráð við notendur, aðstandendur, hagsmunasamtök og fólk sem er að vinna með fatlaða þegar verið er að búa til reglugerðir, lög og frumvörp.
- **Hlutverk og starfsemi samtakanna:**
  - Samtökin séu leiðandi í ákvörðunartökum er varða málefni fólks með þroskahömlun.
  - Að samtökin séu áhrifameiri, kröftugri og sýnilegri.
  - Sameiningartákn fyrir fólk með þroskahömlun með tengingu við félög um allt land (tengingu í gegnum netið).
  - Þroskahjálp verði áfram hagsmunasamtök og metin að verðleikum sínum og allir viti fyrir hvað þau standi.
  - Að samtökin hafi víðtæka fræðslu til félagsmanna og hins opinbera. Að þau séu ráðgefandi aðili.
  - Samtökin hafi fyrst og fremst eftirlitshlutverk gagnvart því að lögum og reglum sem varða fólk með þroskahömlun sé framfylgt.
  - Sameinuð samtök og stærra samfélag, sem leiðir til betri baráttu. ÖBÍ og Þroskahjálp séu eitt félag.
  - Stærri og fjölmennari samtök. Að allir vanmetnir hópar stilli saman strengi undir kjörorðinu Velferðarsamfélag fyrir alla. Við erum öll í einu litrófi samfélagsins.
  - Sterk samtök sem hafi lítið að gera.
  - Ráðgjafar varðandi þjónustu/líf fatlaðs fólks: Þekkingarsetur.
  - Áfram öflugt hagsmunafélag með meiri sýnileika, sem stjórnvöld leiti meira til varðandi hugmyndafræði og uppbyggingu þjónustu.
  - Að þroskahjálp beiti sér varðandi fósturrannsóknir í þágu lífs.
  - Að samtökin séu sterk og með skýra framtíðarsýn.
  - Virkja Átak fyrir ungt fólk.
  - Efla Átak og önnur félög fatlaðs fólks í Reykjavík og um land allt.
  - Að samtökin kynni sér það nýjasta, hugmyndafræði o.s.frv. á Norðurlöndum.
  - Félagsmenn verði fleiri og fjölbreyttari.
  - Laða að okkur gott og hæft fólk til starfa.



- Allir sem vilja fá notendastýrða þjónustu eða þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast.
- Að samtökin hafi náð að NPA verði fyrir alla í lögum.
- Sveigjanlegri ferðapjónusta í anda leigubílastarfsemi.
- Að þjónusta heim fyrir fötluð börn sé normið.
- Að Sjónarhóll hafi það sem til þarf til að sinna hlutverki sínu.
- Að samtökin fái aukið fjármagn frá stjórnvöldum.
- Að félagsmenn verði virkari.

## Hvernig getum við best tryggt að raddir fólks með þroskahömlun heyrist vel og hafi örugglega áhrif á stefnu og áherslur samtakanna?

- **Auka þátttöku og vægi fatlaðra:**
  - Mikilvægt að fatlað fólk eigi sæti í stjórn samtakanna.
  - Að fólk með þroskahömlun eigi 2 sæti í stjórn á móti hverju 1 frá ófötluðum.
  - Að fólk með þroskahömlun sitji við sama borð og njóti jafnréttis innan samtakanna til jafns við ófatlað fólk. Að þeir séu t.d. launaðir starfsmenn og taki virkan þátt í samráðsfundum fyrir hönd samtakanna.
  - Að fleira fólk með þroskahömlun komi að stjórn samtakanna – að talsfólk þeirra sé í meira mæli fólk með þroskahömlun, líka fólk sem notar óhefðbundin tjáskipti.
  - Að allir sem noti óhefðbundin tjáskipti fái viðeigandi aðstoð til að geta tekið þátt á fundum þar sem stefna og áherslur samtakanna eru mótaðar.
  - Auka ábyrgð þroskahamlaðra varðandi ákvörðunartöku er varðar hagsmuni þeirra.
  - Aukin þátttaka fólks með þroskahömlun í stjórn og framkvæmdaráði.
  - Fá fólk með þroskahömlun (fötlun) meira inn í félögin og styðja það í að láta rödd sína heyrast.
  - Tryggja aukinn stuðning við fólk með þroskahömlun í félagsstarfi: aðstoðarmenn, fræðsla, þjálfun í félagsstarfi.
  - Fjölga starfsfólki með þroskahömlun hjá samtökunum og í aðstoð við framkvæmdastjórnann.
  - Að þegar verið er að boða okkur til þátttöku í nefndum eða ráðum að þá sé tryggt að fólk fái þá aðstoð sem það þarf til að geta tekið þátt.
  - Fá fólk með þroskahömlun í verkefni á vegum samtakanna, t.d. gæðamat í þjónustu.
  - Að tryggja að fólk með þroskahömlun fái þann stuðning sem það þarf til þess að vera þátttakandi í ákvörðunartökum sem varða þeirra líf.
  - Auka/tryggja þátttöku fólks með þroskahömlun í nefndum/ráðum á vegum opinberra aðila.
  - Að fatlað fólk hafi aðgang að „talsmanni“ þurfi það þess með til að koma skoðunum sínum á framfæri.
  - Í gegnum menntun – góð og markviss skólaganga á öllum stigum.
  - Með almennri þátttöku á vinnumarkaði.
  - Fá fatlað fólk í stjórnir og nefndir.
  - Ráðgjafarhópur fólks með þroskahömlun til stuðnings við stjórn.
  - Efla fólk í stjórnnum félaga á hverjum stað (eiga gott bakland).
- **Upplýsingaveita á auðskiljanlegu máli:**
  - Að fólk með fötlun fái upplýsingar um það sem samtökin eru að gera hverju sinni.
  - Að tryggja aðgengi fólks með þroskahömlun t.d. með því að gögn og upplýsingar séu á auðskildu máli.
  - Tryggja að fólk með þroskahömlun fái nægilegt aðgengi að upplýsingum félagsins þannig að það geti tekið þátt í störfum félagsins: auðlesið efni, túlkur – hærri prósentu starfsmanns.
  - Senda út efni áður en svona fundir eru haldnir svo fólk geti undirbúið sig.
  - Að ungt fólk og aðrir fái fræðslu um réttindi.

- Að efni fundarins eins og þessa sé auðskilið/myndrænt.
- Auðskilið mál/texti í öllu sem kemur frá samtökunum.
- Við getum kynnt aðildarfélagunum þessi mál betur með því að tengjast og hafa meiri áhrif á nærumhverfið.
- **Leita álit/þekkingar hjá fötluðum úti í samfélaginu:**
  - Láta raddir fólks með fötlun heyrast. Hlusta á þær og fara eftir þeim. Með því verður tekið meira mark á þeim en áður fyrr.
  - Einfaldar kannanir í tölvupósti (Survey Monkey o.þ.h.) þar sem fólk geti komið skoðun eða athugasemd um einstök málefni á framfæri.
  - Að samtökin leiti eftir áliti hjá hinum fatlaða.
  - Samráð við Átak/fólk með þroskahömlun aukið/tryggt innan samtakanna og gagnvart opinberum aðilum.
  - Að Þroskahjálpi hafi nokkur notendaráð (t.d. hvað varðar búsetu, atvinnu, tómstundir, listsköpun) og fari til fólksins.
  - Markvissar heimsóknir inn í búsetu og á vinnustaði fólksins til að fá hugmyndir og viðhorf einstaklinganna.
  - Fleiri verkefni eins og sendiherrar, notendasamráð ofl.
  - Að leita meira til fatlaðra og hlusta á þeirra óskir.
  - Hafa umræðuhópa.
  - Nota leiðarþing líkt og Átak gerði eingöngu fyrir fatlað fólk.
- **Sýnileiki í samfélaginu:**
  - Auka sýnileika í fjölmiðlum og þátttöku eins og t.d. Með okkar augum.
  - Við getum tryggt að raddir fólks með þroskahömlun heyrist vel og hafi áhrif með því að halda fund í sjónvarpssal eins og þegar Alþingismenn fara að auglýsa plön sín fyrir kosningar og fatlað fólk myndi vera á fundinum.
  - Kynning í fjölmiðlum á aðstæðum fólks með þroskahömlun (fréttaumfjöllun og viðtöl).
  - Framleiða myndefni sem er sýnt í fjölmiðlum.
  - Efla starf eins og sendiherrana. Kynna sáttmála SP.
  - Blað samtakanna er mikilvægt sem kynningarmiðill.
  - Að fatlaðir geri heimasíðu og skrifi sjálfir fréttir um fatlaða og það sem tengist þeim.
- **Kynna samtökin betur:**
  - Kynna samtökin betur þ.e.a.s. að fólk með fötlun finni það að það sé velkomið og að það hafi rödd.
  - Kynna Þroskahjálpi og aðildarfélög betur meðal almennings og nota netið og samfélagsmiðla eins og Facebook og Twitter til að miðla upplýsingum og þekkingu.
- **Rödd á ráðstefnum og málþingum:**
  - Meiri sýnileiki fólks með þroskahömlun í dagskrá á ráðstefnum.
  - Raddir fatlaðs fólks heyrist oft á ráðstefnum samtakanna.
  - Að fólk með þroskahömlun taki þátt í undirbúningi málþinga og ráðstefna.
  - Að fólk með þroskahömlun sé ávallt boðið að taka þátt í ráðstefnum og fyrirlesturum.

- **Átak:**
  - Styðja Átak og auka vægi þess innan samtakanna.
  - Gefa Átaki meira vægi í stjórn og nefndum.
  - Efla Átak, fjölga félagsmönnum og styðja við starfsemina.

## Hvernig getum við eft starfsemi aðildarfélaganna þannig að þau hafi áhrif í nærumhverfi sínu?

- **Styrkja aðildarfélögin peningalega:**
  - Halda tónleika til að afla peninga.
  - Fjáröflun fyrir félögin.
  - Sækja opinbert fjármagn til að virkja fólk í sinni heimabyggð. Átak alls staðar.
  - Fá styrki fyrir aðildarfélögin.
- **Fræðsla:**
  - Fræðslustarf á jafningjagrundvelli. Ráðgjöf á jafningjagrundvelli. Ný nálgun á að efla og auka hlutverk félagsmanna.
  - Vera tilbúin að veita fræðslu og stuðning til félaganna.
  - Hafa eitthvað fram að færa s.s. fræðslufundi, skemmtanir o.þ.h.
  - Aukin fræðsla með þátttöku allra (sendiherrar).
- **Stuðningur og aðstoð:**
  - Styðja aðildarfélög úti á landi í samskiptum þeirra við sveitarstjórnir.
  - Þjóða aðildarfélögum að kynna stöðuna hjá sínu félagi og hvar þurfi aðstoð eða að efla starfsemi.
  - Þyrfti að stofna „Átaks“ félög víðar um land til að þroskahamlaðir sjálfir fái umræðuvettvang.
  - Efla sameiginlega sýn á innihaldi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
  - Þroskahjálpar veiti aðildarfélagunum stuðning og upplýsingar varðandi mál sem brenna á félagsmönnum.
  - Virkja fólk til starfa innan félaganna.
  - Þroskahjálpar þarf að styðja við félögin þannig að þau hafi starfhæfar stjórnir.
  - Hvetja aðildarfélögin til dáða t.d. varðandi alþjóðadag fatlaðra, list án landamæra ofl. þess háttar.
  - Aðstoða við að efla starfsemi aðildarféлага.
- **Þekkingarmiðlun og samskipti:**
  - Hafa sameiginlega fundi þar sem við getum lært hvert af öðru (borg og bær).
  - Landsbyggðin gæti kennt okkur – með heimsóknnum og á reglulegum símafundum.
  - Halda reglulega fundi með formönnum.
  - Hafa vel undirbúna formannafundi á hverju ári.
  - Boða heimamenn á fundi og í spjall. Halda einnig skemmtifundi með bingói. Hittast og fara út að borða og ræða málin.
  - Nota samfélagsmiðlana. Stofna sérstakar síður á miðlunum fyrir almenna þátttöku og sérstaka kontaktaðila sem meta aðstæður og vekja athygli ráðamanna og knýja á um umbætur. Tæknin er ein af þeim miðlum sem fatlaðir geta notað.
  - Fulltrúar Þroskahjálpar haldi fundi með aðildarfélögum reglulega og boði sveitarstjórnir, starfsmenn í fjölskylduþjónustu og þingmenn.
  - Koma upplýsingum um stöðu mála í einstökum málaflokkum á framfæri við aðildarfélögin.

- **Sýnileiki:**

- Vera sýnilegri í hópi aðildarfélaga.
- Farið í átak og farið í hringferð um landið (fulltrúar stjórnar Þroskahjálpar).
- Meiri sýnileiki (helst jákvæður).
- Koma á framfæri baráttumálum Átaks. Ekkert um okkur án okkar.
- Það þarf með einhverjum ráðum að ná til aðstandenda og fatlaðra sjálfra og hvetja fólk til að taka þátt í starfi félagsins. Nýliðun er ekki mikil (svo ég viti).

## Hvernig er ímynd samtakanna hjá fötluðu fólki?

- Líkamlega fatlað fólk pirrar sig oft á því að þátttaka fólks með þroskahömlun sé lítil. Fólk með þroskahömlun lítur frekar á þetta sem sín samtök.
- Almennt held ég að hún sé góð. Vonandi góð með samráði.
- Þau vinna gott starf.
- Ekki allir sem þekkja nógu vel til samtakanna.
- Ímyndin er misjöfn; sumir eru ánægðir en aðrir telja að skoðun fatlaðra sé ekki nógu sýnileg innan samtakanna.
- Ég er ekki viss um að þroskahamlað fólk þekki samtökin vel.
- Ímyndin er óljós en samt að eflast.
- Margir þroskahamlaðir einstaklingar vita ekki af félagasamtökunum hvað þá sínum réttindum.
- Ég held að margir fatlaðir viti ekki af samtökunum.
- Ímyndin í dag er ekki nægjanlega góð.
- Úti á landi þekkja fáir samtökin. Erfiðleikar að fá fólk í stjórn og sýnileiki á minni stöðum.
- Jákvæð ímynd meðals fólks með þroskahömlun. Áherslan á fólk sjálft og sýnileika þess.
- Sumir eru að agnúast út í foreldraáherslur sem þó eru hluti baráttunnar.
- Örugglega mjög misjöfn. Gott samband virðist vera milli samtakanna og Átaks, félags fatlaðs fólks.
- Ég held að ímynd samtakanna hafi oft verið góð hjá fötluðu fólki.

## Hvernig viljum við að ímynd samtakanna verði hjá fötluðu fólki og hvað getum við gert til að stuðla að því?

- Hvetja fólk með þroskahömlun til frekari þátttöku um allt land.
- Það þarf að stuðla að því að fá meira samráð á milli fólks með þroskahömlun og láta raddir okkar heyrast meira. Að fatlað fólk verði eflt meira til að vera virkara.
- Við viljum að ímynd samtakanna sé góð og styðjandi við fólk með þroskahömlun.
- Leyfa fötluðu fólki að taka þátt í starfinu.
- Fá fleiri „túlka“ fyrir fatlað fólk til að það geti komið sínum hugmyndum á framfæri.
- Efla Átak.
- Betur má ef duga skal. Kynna á auðskildu máli.
- Þarf að upplýsa fatlaða/þroskahamlaða sjálfa og svara um rétt þeirra og félagsstarf.
- Ég myndi vilja að sem flestir fatlaðir vissu af samtökunum og gætu leitað sér aðstoðar þangað ef með þyrfti.
- Þroskahjálp þarf að vera til staðar þar sem þroskaheftir/fatlaðir geta komið og fræðst um rétt sinn og fleira sem lýtur að fræðslu. Gott væri að hafa þar innandyra fólk sem gæti leiðbent þessu fólki.
- Fötluðu fólki finnst samtökin ekki vinna nægjanlega mikið fyrir fullorðið fólk og að jafnræði allra fatlaðra. Ein ástæðan fyrir því er að fatlað fólk/fólk með þroskahömlun hefur ekki fengið raunveruleg tækifæri innan samtakanna.
- Gott væri ef fólk úti á landi gæti þekkt samtökin og kynni að leita til þeirra.
- Markviss kynning og sýnileiki fólks sem vinnur innan samtakanna meðal fólks með fötlun og aðstandenda þeirra.

- Getum aukið aðkomu fatlaðs fólks að samtökunum: auðskilið mál, aðstoðarmenn, fræðsla, þjálfun í félagsstarfi ofl.
- Nauðsynlegt er að fatlaðir séu jákvæðir gagnvart samtökunum. Hægt að stuðla að því með auðskildu efni og myndum úr starfinu þar sem fatlaðir eru í sviðsljósinu.
- Við viljum að ímynd samtakanna verði jákvæð, hvetjandi og skynsöm og auðveld til framkvæmda.
- Við getum hjálpað þeim að koma þessu fram og sýnt þeim að þetta er hægt og hægt að koma þessu í framkvæmd.



## Hvernig er ímynd samtakanna hjá almenningi?

- Held að ímyndin sé frekar góð – samtökin eru þekkt.
- Samtök sem bera hag fatlaðra fyrir brjósti.
- Samtök sem standa vörð um réttindi fólks með fötlun.
- Ímyndin er jákvæð og virðing er borin fyrir samtökunum.
- Ímyndin er almennt mjög góð.
- Held að ímyndin sé almennt góð.
- Ég held að almenningur sem ekki hefur tengingu við þroskahamlað fólk viti lítið um samtökin, er bara ekkert að spá í málið. Annars held ég að ímyndin sé ágæt.
- Ímyndin er góð hjá almenningi en spurning hvort almenningur viti nógu mikið um samtökin.
- Ég tel ímyndina góða en misjafna eftir landsbyggðum.
- Góð ímynd hjá þeim sem til þekkja en þarf að auka sýnileika.
- Ég held að ímyndin sé góð en fólk sé almennt ekki meðvitað um tilgang og/eða starfsemina.
- Almenningur veit ekki mikið, kannski að þetta séu hagsmunasamtök.
- Ég held að hjá þeim sem þekkja samtökin sé ímyndin jákvæð.
- Held að ímyndin sé frekar góð í dag.
- Hingað til hefur ímynd samtakanna verið góð og til fyrirmyndar.
- Almennt góð ímynd hjá almenningi.
- Jákvæð ímynd – tilfinning fyrir heiðarlegri og málefnalegri baráttu.
- Tel að margir viti ekki hvað samtökin standa fyrir og hver tilgangur þeirra er.
- Almenningur lítur á samtökin sem öflugna málsvörn fólks með þroskahömlun sem kynnis stjórnvöldum stefnu og áherslumál í hagsmunabaráttu fólks með þroskahömlun.
- Ég held að almennt sé ímynd samtakanna góð hjá almenningi.
- Almenningur hugsar kostnað, ekki ávinning - tap ekki gróði.

## Hvernig viljum að ímynd samtakanna verði hjá almenningi og hvað getum við gert til að stuðla að því?

- Það þarf að auka aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu.
- Vera sýnileg í fjölmiðlum.
- Til að viðhalda góðri ímynd þarf að halda áfram af fullum krafti.
- Almenningur á að geta leitað til samtakanna og fengið skýr og greinargóð svör. Hann á að geta treyst því sem kemur fram t.d. í fréttatvöngum.
- Efla sameiginlega sýn og kynna sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stuðla að undirritun hans.
- Ímynd samtakanna ætti ekki að vera þannig að fyrsta hugsun sé til þeirra þegar umræða um réttindi fatlaðra kemur upp.
- Auka sýnileika í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.
- Dreifa blaðinu víðar, m.a. á biðstofum.
- Við viljum jákvæða ímynd, mikið af jákvæðum fréttum og þáttum í sjónvarpinu (Með okkar augum).
- Jákvæð ímynd væri æskileg. Hægt að stuðla að því með betri kynningu og meiri umfjöllun um samtökin.
- Við viljum að fólk líti á samtökin sem mikilvægan hlekk í réttindabaráttu fólks.
- Halda sýnileikanum.

- Efla samtökin um allt land.
- Nota meira af samfélagsmiðlum.
- Áfram áhersla á mannréttindi, sjálfsákvörðunarrétt og fjölbreytileika.
- Jákvæð ímynd er æskileg. Hægt að bæta hana með greinum og kynningu í fjölmiðlum.
- Við viljum að ímynd samtakanna verði fólki skýr og traust og að fólk skilji þá ímynd sem samtökin hafi hugsað sér að gera fyrir almenning.
- Svárið er gildisefling, auðugra mannlíf = betra samfélag og mörg atkvæði.